



– Markar tímamót –

## Nýr staðall um skjalastjórnun

Aþjóðlegur staðall um skjalastjórn, *ISO 15489*, tók gildi haustið 2001. Mikill áhugi er hjá fyrirtækjum og stofnunum hér á landi á því að staðallinn verði þýddur og gerður að íslenskum staðli. Verið er að leggja drög að þýðingu staðalsins hjá Staðlaráði Íslands og innan skamms verður hafist handa við fjáröflun til verkefnisins. Útgáfa *ISO 15489* er merkur atburður fyrir skjalastjórn og jafnast að mikilvægi á við *ISO 9000* fyrir gæðastjórnun.

### Fyrir öll skjalasnið

Staðallinn tekur til skjalastjórnar hjá opinberum aðilum jafnt sem einkaaðilum og reglur hans gilda hvort sem starfsemin er mikil eða lítil umfangs. Grundvallarreglur staðalsins ná til allra skjala á hvaða sniði sem er, rafrænu eða á pappír. Staðallinn veitir leiðbeiningar um ábyrgð fyrirtækja og stofnana á skjalastjórn sinni og styður gæð- og umhverfisstjórnun samkvæmt *ÍST EN ISO 9000* og *ÍST EN ISO 14000* stöðlunum. Staðallinn er ennfremur mikil hjálp við stjórnun upplýsingaöryggis samkvæmt *ÍST ISO/IEC 1779*. *ISO 15489* er leiðbeinandi um hönnun og innleiðingu skjalastjórnarkerfis en tekur ekki til sögulegra skjala á þjóðskjalasöfnum. Síðast en ekki síst er staðallinn viðmið um vönduð vinnubrögð á sviði skjalamála hjá fyrirtækjum og stofnunum. *ISO 15489* skiptist í 11 kafla:

1. Umfang
2. Tilvísanir í norm eða aðra staðla
3. Hugtök og skilgreiningar



Jóhanna Gunnlaugsdóttir, lektor við Háskóla Íslands.

4. Hagurinn af skjalastjórn
5. Reglugerðarumhverfið
6. Stefna og ábyrgð
7. Kröfur til skjalastjórnar
8. Hönnun og innleiðing skjalastjórnarkerfis
9. Ferlar skjalastjórnar og stýring
10. Eftirlit og endurskoðun
11. Þjálfun

Til stuðnings staðlinum voru samdar leiðbeiningar sem skýra þær fjölmörgu leiðir, vinnuferla og vinnureglur sem samrýmast staðlinum. Í lok leiðbeininganna er að finna tvo viðauka, A og B, sem eru til mikils vinnuhagræðis. Viðauki A tíundar kafla staðalsins og vísar í viðeigandi kafla leiðbeininganna. Viðauki B telur upp kafla leiðbeininganna og vísar í viðkomandi kafla staðalsins.

### Mikilvægt verkfæri

Ekki er að undra þótt mikill áhugi sé á þýðingu *ISO 15489* og leiðbeiningunum sem honum fylgja. Staðallinn setur fram staðlaða en óskilyrta leið til þess að stjórna skjalaflæði á upplýsingaöld. Hann er hjálp í að tryggja að skjöl séu óbrengruð heimild um það sem raunverulega gerðist, mikilvægt tæki til varnar í málum fyrir dómstólum og til þess að fullnægja reglugerðum og kröfum yfirvalda varðandi skjalamál. Staðallinn er jafnframt mikilvægt verkfæri til að tryggja að skjöl séu ávallt til taks þegar þeirra er þörf til að viðskipti dagsins megi verða viðskiptavinum og fyrirtækjum og stofnunum til hagsbóta.

### Námskeið

– 20. febrúar –

*ISO 9000:2000*  
gæðastjórnunarstaðlarnir

Lykilatriði, uppbygging og notkun

Kjarnastaðallinn *ISO 19011* - bls. 2

Staðlar fyrir sveitarfélög - bls. 3

Aðgengi fyrir alla - bls. 4

# Einn staðall fyrir bæði gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi

Bæðið hefur verið eftir því að út kæmi hjá ISO sameiginlegur staðall fyrir úttektir á bæði gæða- og umhverfisstjórnunarkerfum. ISO 19011 heitir staðallinn og er einn af fjórum svonefndum kjarnastöðlum ISO 9000 raðarinnar. Staðallinn verður væntanlega boðinn á sérkjörum þeim sem keypt hafa hina kjarnastaðlana þrjá. Ekki er fyrirhugað ISO 19011 verði þýddur á íslensku, ekki að sinni a.m.k.

## Nauðsynlegur fyrir úttektir

Staðallinn verður staðfestur sem íslenskur staðall í byrjun mars og mun þá heita fullu nafni ÍST EN ISO 19011:2002 *Leiðbeiningar fyrir úttektir á gæða- og/eða umhverfisstjórnunarkerfum*. Hinir kjarnastaðlarnir eru:

ÍST EN ISO 9000:2000 *Gæðastjórnunarkerfi – Grunnatriði og iðorðasafn*

ÍST EN ISO 9001:2000 *Gæðastjórnunarkerfi – kröfur*

ÍST EN ISO 9004:2000 *Gæðastjórnunarkerfi – Leiðbeiningar um bætta frammistöðu*

Öllum sem gera úttektir er nauðsynlegt að þekkja ISO 19011. Þetta er staðall sem sam-



*Sveinn V. Ólafsson, verkfræðingur hjá Staðlaráði Íslands.*

einar í einu skjali leiðbeiningar fyrir úttektir á gæðakerfum og umhverfisstjórnunarkerfum. Staðllinn er hugsaður sem leiðbeiningar fyrir alla úttektarmenn, líka þá sem gera innri úttektir innan fyrirtækja. Bæði ISO 9000 og 14000 leggja mikla áherslu á mikilvægi úttekta sem stjórnækis til að viðhalda virku gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi. Miklu máli skiptir að vel sé staðið að eftirliti með því hvort kröfur staðlanna séu uppfylltar, svo og laga- og reglugerðarákvæði sem fyrirtæki er gert að hlíta á sínu sviði.

## Áhrif ISO 19011

Áhrif hins nýja staðals verða væntanlega þau að gæða- og umhverfisstjórnunarkerfin verða líkari að uppbyggingu, því kröfur til úttekta á þessum kerfum verða í meginatriðum eins. Það á við hvort sem um er að ræða innri úttektir eða úttektir tengdar vottun.

Ekki hefur verið mikið um það héraendis að menn notfærðu sér úttektarstaðla en með þeirri breytingu sem hér er kynnt verður einfaldara en áður að tileinka sér markviss og örugg vinnubrögð við úttektir. Að gera vandaðar úttektir krefst vissrar grunnþekkingar og góðs skipulags en síðast en ekki síst þekkingar á mannlegu eðli og mannlegum samskiptum. Það er því full ástæða til að benda mönnum á þennan staðal sem er sá síðasti í röðinni af fjórum kjarnastöðlum hinnar nýju ISO 9000:2000 staðlaraðar.

Þeim vilja vita meira um þennan staðal er bent á að hafa samband við Svein V. Ólafsson hjá Staðlaráði Íslands.

- Pantaðu staðla á netinu -

**[www.stadlar.is](http://www.stadlar.is)**

Einfalt, fljótlegt og tryggir best að pantanir komist til skila

– Hagstætt –

# Ný reglugerð um leiktæki og leiksvæði

Staðlaráð vill vekja sérstaka athygli tæknifólks hjá sveitarfélögum og verkfræðistofum á stöðlum sem vitnað er til í nýrri *Reglugerð um öryggi leikvallataekja og leiksvæða og eftirlit með þeim*.

Markmið reglugerðarinnar, sem er gefin út af Umhverfissráðuneyti, „er að stuðla að öryggi barna og annarra með því að tryggja að leikvallataeki og leiksvæði séu hönnuð, frágengin og þeim viðhaldið á öruggan og viðurkenndan hátt.“

## Afsláttur til 28. febrúar


Staðlarnir hafa verið teknir saman í tvö rit sem fást með allt að 30% afslætti til 28. febrúar.

### • Leikvallastaðlarnir

til notkunar við útboðslýsingar, hönnun, uppsetningu, viðhald og rekstur leiksvæða og leiktækja. – Kröfur um virkni, öryggi og prófanir.

### • Markastaðlarnir

til notkunar við útboðslýsingar, uppsetningu



*Það skiptir máli að vera á réttu róli á leikvöllinum, hvort sem er í handbolta eða í rólunni.*

og eftirlit á mörkum og búnaði fyrir bolta-íþróttir. – Kröfur um virkni, öryggi og prófanir.

### Tilboð A:

Bæði ritin með 30% afslætti á kr. 17.796,-

### Tilboð B:

Leikvallastaðlarnir með 30% afslætti á kr. 12.841,-

### Tilboð C:

Markastaðlarnir með 20% afslætti á kr. 7.497,-

Nánari upplýsingar og pantanir á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is) eða í síma 520 7150.

## Námskeið

– 26. og 27. febrúar –

*Vindálag samkvæmt nýju  
Polhönnunarstöðlunum*

– Nýtt efni –

## Þetta er allt að koma

Hjá Staðlaráði er stöðugt unnið að útgáfu-verkefnum í samvinnu við fagraráð, fagstjórnir og aðra sem hafa áhuga á og hagsmuna að gæta í staðlamálum. Útgáfa eftirfarandi efnis er um það bil að líta dagsins ljós eða í deiglu- unni:

• Stefnt er að því að handbókin ISO 9000 fyrir lítil fyrirtæki – hvað þarf að gera? komi út í íslenski þýðingu í mars.

• ÍST 125 Lyklaborð.

Væntanlegur í mars.

• ÍST 130 Íslenskar kröfur í upplýsingatækni

Frumvarp að staðli liggur fyrir og er umsagnarfrestur til 1. mars.

• frÍST BS 7799-2:2002 *Stjórnun upplýsinga-öryggis - 2. hluti: Forskrift fyrir stjórnun upplýsingaöryggis*. Umsagnarfrestur um frumvarp til 15. mars.

• ÍST 30 *Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkfrankvæmdir*. Unnið að endurskoðun.

• ÍST EN 206-1 *Concrete – Part 1: Specification, performance, production and conformity*.

Unnið að íslenski þýðingu.

• FS ENV 13670-1 *Execution of concrete structures - Part 1: Common*. Unnið að íslenski þýðingu.

• ISO15489-1:2001 *Information and documentation – Records management Part 1: General*. Stefnt að íslenski þýðingu.

• ISO/TR 15489-2 *Information and documentation – Records management Part 2: Guidelines*. Stefnt að íslenski þýðingu.

• Unnið er að endurskoðin lagnastaðlanna, ÍST 67 og ÍST 68.



– Ráðstefna í mars –

## Aðgengi fyrir alla

Evrópsku staðlasamtökin CEN, CENELEC og ETSI hafa tekið höndum saman um ráðstefnu undir heitinu Aðgengi fyrir alla. Ráðstefnan fer fram í Acropolis ráðstefnumiðstöðinni í Nice í Frakklandi dagana 27. og 28. mars. Til efnið er sú ákvörðun Evrópuráðsins að árið 2003 skuli vera ár fatlaðra í Evrópu.

### Spannar allt sviðið

Staðlasamtökin starfa hvert um sig á afmörkuðum sviðum. CENELEC vinnur að stöðlun á rafmagnssviði, ETSI á sviði fjar-skipta og CEN á öllum öðrum sviðum. Efni ráðstefnunnar endurspeglar þessa skiptingu, en þó ef til vill fyrst og fremst þá staðreynd að öll þessi svið skarast og eru háð hvert öðru.

Meginþemu ráðstefnunnar eru:

1. *Aðgengi á ferðalögum*, t.d. aðgengi í samgönguþjónustu, að farmiðum, far-símaþjónustu, tæknilegri aðstoð og þess háttar.



*Aðgengi ræðst af mörgum þáttum. Í tilefni árs fatlaðra hafa evrópsku staðlasamtökin tekið höndum saman um veglega og spennandi ráðstefnu í mars.*

2. *Aðgengi í vinnu*, t.d. á vinnustöðum, að þjónustu og aðföngum á vinnustað, aðgengilegt notendaviðmót vélbúnaðar og svo framvegis.
3. *Aðgengi að opinberum stöðum og opinberri þjónustu*, t.d. aðstöðu í byggingum, þjónustu sem veitt er gegnum miðla eins og vefsíður og fleira.
4. *Aðgengi á heimili*; útbúnaður til að auðvelda aðgengi í húsum, aðgengi að þjónustu sem mögulegt er að veita á heimilum, t.d. varðandi öryggi, heilsuvernd og afþreyingu.

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna er að finna á vefslóðinni [www.etsi.org/cce](http://www.etsi.org/cce).



## Staðlar léttu þér lífið...

... þegar þú vilt láta bera á þér

Staðallinn ÍST EN 471 *Vel sýnilegur viðvörðunarfatnaður* fjallar meðal annars um kröfur til fatnaðar sem kemur að góðum notum í skammdeginu.

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.